

Hallgrímur Kristinsson (1876-1923), kaupfélagsstjóri KEA og forstjóri SÍS, Reykjavík.

Afhending 2007/78

Hallgrímur Kristinsson fæddist 6.7.1875, í Öxnafellskoti í Saurbæjarhreppi. Foreldrar hans voru Kristinn Ketilsson, bóndi f. 3.9.1851, d. 16.12.1918 og Hólmfríður Pálsdóttir, húsfreyja, f. 29.4.1854, d. 15.9.1934.

Hallgrímur var bóndi í Reykhúsum í Hrafnagilshreppi 1902-1918 og jafnframt gegndi hann stöðu kaupfélagsstjóra KEA frá 1902-1914. Á þeim tíma tókst honum að snúa starfsemi kaupfélagsins við með frækilegum hætti svo að þegar hann lét af störfum kaupfélagsstjóra þá var KEA orðið stærsta og traustasta kaupfélag landsins.

Árið 1914 varð Hallgrímur erindreki fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) í fullu starfi en hafði áður sinnt því sem hlutastarfi. Hallgrímur varð svo fyrsti forstjóri SÍS árið 1917.

Hallgrímur átti sæti í stjórn Landsverslunarinnar. Hann átti líka sæti í Innflutningsnefndinni, sat í stjórn Eimskipafélags Íslands af hálfu landsstjórnarinnar, var í stjórn Búnaðarfélags Íslands og í stjórn Sjóvátryggingafélags Íslands.

Hann var frumkvöðull í stofnun dagblaðsins Tímans og sat í stjórn blaðaútgáfufélagsins Tíminn. Hann sat einnig í miðstjórn Framsóknarflokksins.

Hann var giftur Maríu Jónsdóttir f. 19.8.1874, d. 2.6.1954. Þau áttu fjögur börn saman, þrjá drengi og eina stúlku.

Það var Drífa Pálsdóttir, barnabarn Hallgríms, sem afhenti skjölin.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
17.3.2023

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|----------|-------|-----|---------|------|
|----------|-------|-----|---------|------|

A-Hallgrímur Kristinsson og Páll**A-Hallgrímur Kristinsson og Páll****1910 - 1933**

| | | | | |
|---|---|---|-------------|---|
| A | 1 | 1 | 1917 - 1919 | Reikningar; fylgiskjöl bókhalds. |
| A | 1 | 2 | 1911 - 1920 | Reikningar; fylgiskjöl bókhalds. |
| A | 1 | 3 | 1913 - 1918 | Umboðsbréf, Hallgrími Kristinsyni veitt umboð til að kjósa fyrir hönd hlutabréfahafa á aðalfundi Eimskipafélags Íslands. |
| A | 1 | 4 | 1919 - 1919 | Símskeyti til Hallgríms p.t. í Kaupmannahöfn (varðandi milliríkjavíðskipti) |
| A | 1 | 5 | 1917 - 1933 | Þakkarkort; nýárskort; Carmina (1933?); þorablót stúdentafélagsins á Akureyri 1928 (söngskrá); minnisbók með almanaki 1931. |
| A | 1 | 6 | 1916 - 1917 | Höfuðbók (líklega námsbók með tilbúnum dæmum). |
| A | 1 | 7 | 1916 - 1917 | Dagbók fyrir sölubúð Kaupfélags Fjarðarhéraðs. (Líklega námsbók) |
| A | 1 | 8 | - | Blýantsteikningar, andlitsmyndir af fólki (merktar HB) |
| A | 1 | 9 | 1910 - 1913 | Reikningabók Magðalenufélagsins. |